

# Leyfi

**Veitur ohf.**

**Kt. 501213-1870**

## **Framkvæmdir við að taka niður loftlínur og plægja niður háspennustreng á grann- og fjarsvæði vatnsverndar við vatnsbólið í Laxnesdýjum (tímabundið starfsleyfi)**

Með vísun til ákvæða 25. og 44. gr. heilbrigðissamþykktar nr. 555/2015 um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar og með vísun til 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir veitir Heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis tímabundið leyfi til viðgerða á neysluvatnslögn á grannsvæði neðan Laxnesdýja.

### **Leyfið gildir frá 15. október til 31. desember 2021**

Boðuð framkvæmd er á grann- og fjarsvæði vatnsverndarsvæðis höfuðborgarsvæðisins við vatnsbólið í Laxnesdýjum. Uppdráttur af staðsetningu framkvæmdar er í fylgiskjali 1.

Leyfið er gefið út með skilyrðum um að ákvæðum gildandi laga og reglugerða um hollustuhætti og mengunarvarnamál hverju sinni sé fylgt og ákvæðum heilbrigðissamþykktar nr. 555/2015, svo og ákvæðum almennra starfsleyfisskilyrða fyrir mengandi starfsemi í fylgiskjali 2 og þeim fyrirvörum sem fram koma í leyfinu.

#### **Gildissvið og umfang**

Leyfishafi, Veitur ohf. er framkvæmdaraðili og ábyrgðaraðili verksins. Framkvæmdin felur í sér að plægja niður háspennustreng og taka niður gamlar loftlínur á svæðinu. Leyfið nær einnig til efnisflutninga vegna framkvæmdarinnar og frágangs í verklok.

#### **Umhverfisábyrgð**

Leyfishafi, ber, sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð, ábyrgð á umhverfistjóni sem orðið getur við framkvæmd þessa. Ber leyfishafa að bregðast við allri yfirvofandi hættu á slíku tjóni og skal koma í veg fyrir eða bæta tjón ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

#### **Öryggi og samskipti**

- Leyfishafi ber ábyrgð á að framkvæmdin stofni ekki öryggi vatnsverndar á svæðinu í hættu. Við grun um að öryggi vatnsverndar sé ógnað skal leyfishafi þegar bregðast við með úrbótum.
- Verði olúslys eða önnur mengunaróhöpp sem starfsmenn geta ekki þegar leyst skal kalla á aðstoð Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins í gegnum neyðarsímann **112**. Halda skal hreinsunaraðgerðum áfram þar til ákvörðun um annað hefur verið tekin. Mengist jarðvegur skal hann þegar fluttur út af vatnsverndarsvæðinu til viðeigandi förgunar hjá Sorpu eða annan þann stað sem heilbrigðiseftirlitið samþykkir. Tilkynna skal heilbrigðiseftirliti um öll mengunarslys.

#### **Rammi framkvæmdar**

*Verktími:* Fyrirtækið hefur upplýst að tilhögun verkefnisins muni taki fullt mið af veðráttu. Ætlunin er að ljúka framkvæmdinni í einni lotu ef veður leyfir. Heilbrigðiseftirlitið mun lengja í útgáfutíma leyfis ef þörf krefur.

*Starfsmannabúðir:* Engra starfsmannabúða er þörf.

*Öryggisreglur:* Veitur ohf. hefur lagt fram „Skálafellslína, háspennustrengur auk dreifistöðva. Áhættumat umhverfi“ og „Verklagsreglan LAV-407 Viðbrögð við mengunaróhappi á vatnsverndarsvæðum þarf að fylgja áhættumati.“. Starfsmenn sem að framkvæmdinni koma þekkja til reglnanna.

*Flutningstæki og önnur farartæki er tengjast framkvæmdinni:* Fyrirtækið hefur upplýst að áfylling olíu verði gerð undir eftirliti starfsmanns Veitna. Olíubíll hefur ekki heimild til að flytja meira magn olíu inn á vatnsverndarsvæðið en þörf er á tækin hverju sinni..

### **Sértæk skilyrði vegna mengunarvarna.**

1. Meðferð á olíu og olíuefnum á framkvæmdatíma.
  - a. Fylgt skal verklagsreglum um olíuflutninga og áfyllingar á vélar og tæki eins og þeim er lýst í ofangreindu áhættumati fyrir Skálafellslínu.
  - b. Allar viðgerðir á tækjum, aðrar en til að koma í veg fyrir bráðamengun eru óheimilar á vatnsverndarsvæðinu.
  - c. Bifreiðar og önnur tæki sem notuð eru skulu hafa verið lekaskoðuð áður en framkvæmdir hefjast. Fyrirtækinu er heimilt að lekaskoða tækin á eigin verkstæði enda liggi fyrir dagsett skýrsla um hvert tæki.
  - d. Til staðar skal vera mengunarvarnarbúnaður til að bregðast við mengunaróhöppum. Mengunarvarnarbúnaður skal vera a.m.k. lekabytta, ísogsefni, vökvaþéttur dúkur, tappasett, skófla og ílát til að hreinsa upp mengaðan jarðveg ef óhapp á sér stað.
2. Önnur ákvæði
  - a. Framkvæmdinni skal haga í samræmi við ákvæði í útboðsgögnum verksins.
  - b. Öll brennsla og urðun á úrgangi er bönnuð. Leyfishafi skal sjá til þess að allur úrgangur sé fluttur á brott í viðurkennda förgun.
  - c. Leyfishafi skal sjá til þess að allt rusl og lausamunir tengdir verkefninu verði fjarlægð í verklok og jarðvegssár löguð.
  - d. Leyfishafi skal kalla til heilbrigðiseftirlit ef upp koma ófyrirséð vandamál er tengjast framkvæmd starfsleyfis og snerta mengunarvarnir.
  - e. Leyfishafi skal kalla til heilbrigðiseftirlit í lok framkvæmda og skal leyfishafi fylgja heilbrigðiseftirliti í lokaúttekt með frágangi eftir framkvæmd.

### **Valdsvið og þvingunarúrræði**

Ef rekstraraðili fylgir ekki ákvæðum starfsleyfis eða fyrirmælum eftirlitsaðila getur heilbrigðisnefnd beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að knýja á um framkvæmd úrbóta.

### **Eftirlit**

Heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis hefur eftirlit með starfsemi í samræmi við ákvæði 6. gr. og 47. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, X. kafla reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og heilbrigðissamþykktar nr. 555/2015 um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar. Eftirlit felst m.a. í reglubundinni skoðun á vettvangi og yfirferð gagna.

Gjöld vegna útgáfu starfsleyfis og vegna eftirlits er innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.


Eintök af starfsleyfisskilyrðum skulu ávallt tiltæk á vinnustað.

Mosfellsbær 12. október 2021



Árni Davíðsson framkvæmdastjóri

# Fylgiskjal 1



- Stað 1 - Plönging 1 Strengur
- Stað 2 - Plönging 2 Strengur
- Stað 3 - Gættur 0201/0400

**DRÖG**  
2021-08-27 15:24



Veiting: 21238  
Télnúmer: SÁ  
Hannabók: KJ  
Yfirskot: SÁ  
Samþykkt: KJ  
Hæð: 125000

**EFRI HLUTI SKÁLAFELL SLÍNU**  
MOSFELLSDAL  
Rafmagn  
Yfirritsmynd

HINTAKERFI ÍSING  
HÉÐAKERFI LANDSHÉÐAKERFI

A 30.09.2021 VERTÆKNING  
Um: Daga Uppg.

A 30.09.2021 Væðing: 23016120 Tölunúmer: 150-YRK-0001

Formuálagið: 100x143

## Fylgiskjal 2

### ALMENN STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR MENGANDI STARFSEMI

*Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum. Sjá einnig auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.*

#### 1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1	Sækja skal um nýtt starfsleyfi ef gera á umtalsverðar breytingar á rekstrinum, taki nýr rekstraraðili við eða starfsemin flytur.	550/2018	
1.2	Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer skv. lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.	Lög nr. 46/1980	
1.3	Í starfsleyfi eru skráð sérstakar kröfur til mengunarvarna sem rekstur þarf að uppfylla.	550/2018	
1.4	Við reksturinn skal leitast við að draga úr álagi á umhverfið, beita bestu aðgengilegu tækni til að ná þeim markmiðum og skipuleggja orkunotkun á sem vistvænastan hátt.	550/2018	
1.5	Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækisins að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfisskilyrðum.	550/2018	
1.6	Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998 til að knýja á um úrbætur.	Lög nr. 7/1998	
1.7	Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.	Lög nr. 55/2012	

#### 2. LÓÐ OG HÚSNÆÐI

		Rgl.nr.	Uppfyllt
2.1	Lóð og húsnæði skal vera snyrtilegt og vel við haldið. Við húsnæðið skal vera viðurkennt sorpílát.	737/2003 16. og 18. gr., sbr. rgl. 550/2018	



2.2	Komið skal í veg fyrir að úrgangur og annað sem ekki tilheyrir starfseminni safnist fyrir á lóð.	737/2003 16. og 18. gr., sbr. rgl. 550/2018	
2.3	Fyrirtækið virði það skipulag og nýtingu lóðar sem samþykkt hefur verið af byggingaryfirvöldum.	112/2012	
2.4	Afla ber leyfis fyrir staðsetningu olútanka, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.	884/2017	
2.5	Bifreiðum, tækjum, lausamunum, úrgangi og annað sem tilheyrir rekstraraðila skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði rekstraraðila og þannig að ekki valdi slyshættu. Óheimilt er að nýta bílastæði sem ákveðin eru í skipulagi eða á samþykktum uppdráttum sem slíka geymslu.	112/2012 og rgl. nr. 737/2003	

### 3. MENGUNARVARNIR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
3.1	Forráðamönnum fyrirtækja og stofnana er skylt að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að draga úr hljóðmengun og koma í veg fyrir óþægindi af völdum hávaða frá starfseminni, sbr. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.	724/2008	
3.2	Loftræstingu skal þannig háttáð að hún valdi ekki fólki í nágrenninu óþægindum eða heilsufarslegri hættu vegna loft- eða hávaðamengunar. Komi upp vandamál vegna lyktar eða mengandi efna frá útblæstri er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að krefjast úrbóta s. s. breytinga á útrásum, eða hreinsunarbúnaðar.	724/2008, rgl. nr. 550/2018 52. gr. og rgl. nr. 787/1999 5. gr. og 9. gr.	
3.3	Upplýsingum um legu og fyrirkomulag frárennislagna séu tiltækar í fyrirtækinu. Engar breytingar verði gerðar á frárennslisli sem skerði mengunarvarnir sem fyrir eru né takmarki möguleika á að koma þeim fyrir í framtíðinni. Fráveitukerfi skal vera tvöfalt sé þess talin þörf. Mengunarvarnabúnaði skal komið fyrir á fráveitu í samræmi við ákvæði III. kafla reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ.	798/1999	
3.4	Í meðferð alls úrgangs verði gætt sérstaklega að flokkun hans sé í samræmi við möguleika á endurvinnslu og/eða viðurkenndri förgun eins og hún er skilgreind á hverjum tíma. Jafnframt skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs eins og við á.	737/2003	
3.5	Geyma skal öll hættuleg efni og efnasambönd á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt, að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings.	415/2014 og lög nr. 61/2013	

3.6	Spilliefni og hættuleg efni verði meðhöndluð af varúð og aðgreind frá öðrum hráefnum, afurðum og úrgangi. Spilliefnum sé skilað í viðurkennda söfnunar- eða móttökustöð. Mikilvægt er að tryggja greinargóðar merkingar íláta og aðskilin afmörkuð rými eða svæði. Jafnframt skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni.	806/1999	
3.7	Við rekstur kælikerfa með ósoneyðandi kælimiðlum skal fylgja ákvæðum reglugerða nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnum ósónlagsins	970/2013	
3.8	Rekstraraðila er skylt að hafa aðgengileg uppfærð öryggisblöð fyrir hreint efni eða efnablöndu sé krafa um þau sbr. 30. gr. efnalaga nr. 61/2013.	888/2015 og lög nr. 61/2003	
3.9	Heilbrigðiseftirlitið getur gert kröfu um að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra óhappa við meðhöndlun á olíu og olíuefnum, varúðar- og hættumerktum efnum og spilliefnum. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað, yfirfara þarf hana reglubundið með starfsmönnum og halda æfingar til að æfa viðbrögðin a.m.k. einu sinni á ári.	884/2017	

#### 4. SPILLIEFNI OG ÚRGANGUR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
4.1	Draga skal úr myndun úrgangs eins og kostur er. Meðferð úrgangs skal miðast við að úrgangur sé endurnotaður eða endurnýttur þegar þess er nokkur kostur. Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.	737/2003	
4.2	Rekstraraðili skal eftir mætti draga úr myndun umhverfisspillandi efna, m.a. með notkun umhverfisvænna efna, með endurnýtingu, endurvinnslu eða endurhæfingu efna.	806/1999	
4.3	Óheimilt er með öllu að losa spilliefni í fráveitu.	798/1999 5. gr.	
4.4	Spilliefni skulu geymd þannig að ekki sé hætta á mengun umhverfisins eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr. Spilliefnum skal safnað í lokuð, traust ílát, sem henta viðkomandi efnum. Einstökum spilliefnategundum skal haldið aðskildum og aðgreina skal spilliefnablöndur þar sem kostur er. Óheimilt er að blanda spilliefnum við annan úrgang nema Umhverfisstofnun hafi veitt til þess leyfi. Ílátin skulu merkt með orðinu „spilliefni“ og innihaldi. Þau skulu tryggilega varðveitt þar til þau eru flutt til eyðingar eða meðhöndlunar þannig að ekki sé hætta á að umbúðir verði fyrir hnjaski.	806/1999	
4.5	Spilliefni skal ekki geyma til langframa og skal skilað reglulega til	806/1999	

	aðila sem starfsleyfi hafa til móttöku eða flutnings spilliefna.		
4.6	Þegar rekstraraðili afhendir spilliefni til flutningsaðila eða móttökustöðvar skal halda eftir skriflegri staðfestingu fyrir móttökunni þar sem fram kemur nafn flutningsaðila, magn (kg, l), flokkun og gerð úrgangs. Sams konar upplýsingar skulu fylgja spilliefnunum. Staðfestingar síðustu 5 ára skulu liggja frammi við eftirlit í fyrirtækinu.	806/1999 11. gr.	
4.7	Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni. Um skilgreiningu á spilliefnum fer skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, með síðari breytingum.	806/1999 og rgl. nr. 1040/2016	

## 5. EFTIRLIT

		Rgl.nr.	Uppfyllt
5.1	Um eftirlit fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefndir annast eftirlit með atvinnurekstri. Um gjaldtöku fyrir eftirlit fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.	550/2018 og lög nr. 7/1998	

### Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, lögum nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð, efnalögum nr. 61/2013, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi, reglugerð nr. 724/2008 um hávaða, byggingarreglugerð nr. 112/2012, reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna, reglugerða nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnum ósónlagsins, reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) og reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs.

**Atvinnugreinaflokkur (ISAT 2008):** 43.13.0 Tilraunaboranir og borvinna